


Tveggja rása vikutímarofi

Pöntunarnúmer: 1073 00



- 1 Stilling/upplýsingar
- 2 Stilling klukku
- 3 Stilling vikudags
- 4 Vikudagar (1 = mán, 2 = þri .. 7 = sun)
- 5 Bendill t sem sýnir vikudagana
- 6 Sýnir klukkustundir
- 7 Tákn fyrir sjálfvirka skiptingu milli sumar- og vetrartíma (C = sumartími/d = vetrartími)
- 8 Bus-tenging
- 9 Sýnir mínútur
- 10 Tákn fyrir stöðu rásar C1 ($\epsilon = 1/C = 0$)
- 11 Tákn fyrir stöðu rásar C2 ($\epsilon = 1/C = 0$)
- 12 Stilling klukkustunda
- 13 Stilling mínútna
- 14 RESET
- 15 Rás C2
- 16 Rás C1

Efnisyfirlit

- 1.0 Lýsing
- 1.1 Rétt notkun
- 1.2 Eiginleikar
- 1.3 Tæknilýsing
- 1.4 Mál
- 2.0 Leiðbeiningar um uppsetningu
- 2.1 Öryggisupplýsingar
- 2.2 Bus-tenging
- 3.0 Búnaðurinn tekinn í notkun
- 3.1 Upplýsingar
- 3.2 Almennar upplýsingar
- 3.3 Sjálfvirk breyting á stillingu
- 3.4 Hraðleit
- 3.5 Forval skiptingar
- 3.6 Sjálfstýring
- 3.7 Forgangsröð
- 3.8 Skipting milli sumar- og vetrartíma gefin til kynna
- 4.0 Tímastillingar
- 4.1 Tímastillingar fyrir vikur
- 4.2 Tímastillingar fyrir daga
- 4.3 Upplýsingar um tímastillingar
- 4.4 Tímastillingum breytt
- 4.5 Stökum stillingum eytt
- 4.6 Öllum tímastillingum eytt
- 4.7 RESET
- 5.0 Skiptiaðgerðir
- 5.1 Forval skiptingar KVEIKT/SLÖKKT
- 5.2 Föst KVEIKT/SLÖKKT-skipting
- 5.3 Orlofsstilling
- 5.4 Orlofsstilling tekin af
- 6.0 Skipt sjálfkrafa milli sumar- og vetrartíma
- 6.1 Valtafla fyrir sjálfvirka skiptingu milli sumar- og vetrartíma
- 6.2 Sjálfvirkri skiptingu milli sumar- og vetrartíma breytt
- 6.3 Fyrsta gangsetning **án** sjálfvirkar skiptingar milli sumar- og vetrartíma
- 6.4 Fyrsta gangsetning **með** sjálfvirkri skiptingu milli sumar- og vetrartíma
- 6.5 Handvirk skipting milli sumar- og vetrartíma

1.0 LÝSING

1.1 Rétt notkun

Tímarofinn stjórnar Bus-tækjum sem tengd eru saman um hópvistfang. Tímarofinn sendir tímatengt annað hvort 1 eða 8 bita boð.

1.2 Eiginleikar

Tímarofinn er forstilltur sem vikutímarofi með tíma, dagsetningu og sjálfvirkri skiptingu milli sumar- og vetrartíma.

- Áreiðanlegt minni fyrir stillingar með EEPROM. Stillingar haldast í minni í um 10 ár jafnvel þótt Bus-spennan fari af eða rafhlaðan tæmist.
- Sjálfvirk skoðun fyrri tímastillinga.
- 99 daga orlofsstilling sem hægt er að stilla 99 daga fram í tímann.
- Forval skiptingar.
- Föst KVEIKT/SLÖKKT-skipting.
- Varaafl með litíumrafhlöðu, u.þ.b. 6 ár.

1.3 Tæknilysing


Heiti:	Tveggja rása tímarofi 1073 00
Tegund stillingar:	Dagur eða vika
Rekstrarspenna:	Bus-spenna
Eigin notkun:	u.þ.b. 150 mW með BCU
Grundvöllur tímamælingar:	Kvarts
Stæði í minni:	36
Minnsta bil á milli skiptingar:	1 mínúta
Nákvæmni skiptingar:	upp á sekúndu
Gangnákvæmni:	± 1 sek./dag við 20 °C
Varaafli:	u.þ.b. 6 ár við 20 °C Litíumrafhlaða
Leyfilegur umhverfishiti:	- 10° C til + 50° C (- 10 T 50)
Hlíðarflokkur:	II skv. EN 60335 í ísetningu
Varnarflokkur:	IP 20 skv. EN 60529

Gætið að frábrugðnum tæknilegum upplýsingum á merkisþjaldi tækisins! Tæknilegar breytingar áskildar.

Upplýsingar um rafsegulsviðssamhæfi

Tímarofarnir eru í samræmi við Evróputilskipanir 73/23/EBE (lágspennutilskipun) og 89/336/EBE (tilskipun um rafsegulsviðssamhæfi). Ef tímarofarnir eru notaðir í samstæðu ásamt öðrum tækjum skal gæta þess að samstæðan í heild valdi ekki útvarpstruflunum.

1.4 Mál



2.0 LEIÐBEININGAR UM UPPSETNINGU


2.1 Öryggisupplýsingar

Aðeins sérþjálfuðum rafvirkjum er heimilt að vinna við EIB-búnað. Fara skal eftir reglum í hverju landi og þeim öryggisreglum sem eiga við á hverjum stað.

Þrátt fyrir viðtækar öryggisráðstafanir kunna óvenjulega sterk rafsegulsvið að valda truflunum á örgjörvastýrða tímarofanum. Af þessum sökum skal gæta að eftirfarandi atriðum áður en uppsetning fer fram:

- Eyðið truflunum spannotenda með hentugum RC-síum.
- Setjið tækið ekki upp nálægt búnaði sem veldur truflunum, s.s. spennum, snertlum, tölvum eða sjónvarpstækjum.
- Ef truflun verður getur verið nauðsynlegt að endurtaka þær aðgerðir sem eru framkvæmdar þegar tækið er tekið fyrst í notkun (frá og með kafla 6.0).

2.2 Bus-tenging



3.0 BÚNAÐURINN TEKINN Í NOTKUN

3.1 Upplýsingar

Frá verksmiðju er tímarofinn þegar stilltur sem vikutímarofi með réttum tíma og gildandi evrópsku reglunni um sjálfvirka skiptingu milli sumar- og vetrartíma.

Hægt er að breyta þessari reglu, sjá frá og með kafla 6.0.

3.2 Almennar upplýsingar



Táknið merkir: Athugið!



Táknið merkir:

Til þess að stilla verður að styðja á hnappinn sem myndin er af.

Dæmi:



🕒 = Styðjið á hnappinn með klukkutákninu

3.3 Sjálfvirk breyting á stillingu

Ef ekki er stutt á hnapp í lengri tíma í stillingar- eða upplýsingaham fer skjáinn sjálfkrafa aftur í sjálfstýringu að um 40 sekúndum liðnum. Tækið fer þá í skiptingarstöðu samkvæmt tímastillingunni.

3.4 Hraðleit

Á meðan klukkan er stillt eða tímastilling færð inn: Haldið hnappi **h** eða **m** inni í meira en 4 sekúndur.

3.5 Forval skiptingar

Táknið $\in$ sýnir að allt eftir færíbreytum fái tengdur notandi til dæmis boð um að kveikja.

Táknið $\subset$ sýnir að allt eftir færíbreytum fái tengdur notandi til dæmis boð um að slökkva.

3.6 Sjálfstýring

Í sjálfstýringu er eftirfarandi sýnt:

- Klukkan.
- Hvort skipt sé sjálfkrafa á milli sumar- og vetrartíma.
- Hvort tímarofinn sendi til dæmis boð um að kveikja eða slökkva.
- Hvort tímarofinn sendi til dæmis lotubundin boð um fasta skiptingu til að kveikja eða slökkva.
- Hvort orlofsstillingin sé á.

Skipt yfir í sjálfstýringu:

☞ Styðjið snögg á hnapp 

3.7 Forgangsroð

- | | |
|----------|---|
| A | Föst skipting hefur forgang gagnvart öllum öðrum stillingum. |
| B | Orlofsstilling hefur forgang gagnvart forvali skiptingar eða sjálfstýringu. |
| C | Handvirk skipting breytir stöðu skiptingar fram að næstu gagnstæðu tímastillingu. |
| D | Ef stillt er á sama tíma til að kveikja og til að slökkva hefur tímastillingin til að slökkva alltaf forgang. |

3.8 Skipting milli sumar- og vetrartíma gefin til kynna



c Gefur sumartíma til kynna



d Gefur vetrartíma til kynna

4.0 TÍMASTILLINGAR

4.1 Tímastillingar fyrir vikur


Tækið býður upp á vikustillingu með eftirfarandi möguleikum:

- Hægt er að færa inn stillingar fyrir hvern vikudag fyrir sig.
- Hægt er að notast við vikudagablokkir.


Þegar það er gert gildir sama tímastilling á mörgum vikudögum en tekur aðeins eitt stæði í minni.

Dæmi um tímastillingu til að kveikja í rás C1:

Á mánudegi (1), þriðjudegi (2), miðvikudegi (3) og föstudegi (5) kl. 6:30 fær tengdur notandi til dæmis boð um að kveikja (€).

**Dæmi um tímastillingu til að slökkva í rás C1:**

Á mánudegi (1), þriðjudegi (2), miðvikudegi (3) og föstudegi (5) kl. 08:30 fær tengdur notandi til dæmis boð um að slökkva (C).

**Athugið**

Hægt er að færa inn frekari tímastillingar.


- ☞ Fyrir tímastillingar á rás C2 skal nota hnapp C2.
- ☞ Ef öll 36 stæðin í minninu eru í notkun birtist "End" á LCD-skjánum.
- ☞ Ef stillt er á sama tíma til þess að kveikja og slökkva er alltaf slökkt.
Dæmi:
Boð um að kveikja kl. 7°, boð um að slökkva kl. 7°

4.2 Tímastillingar fyrir daga**Tímaskynjari aðeins með dagastillingum:**

Endurræsið tímarofann eins og lýst er í kafla 6.3 eða 6.4.


Dæmi:

Klukkan 6:30 á rás C1 til dæmis að senda boð um að kveikja (€) og kl. 8:30 (C) aftur að senda boð um að slökkva.



- ☞ Með hnappi C1 skal velja hvort til dæmis eigi að senda boð um að kveikja (€) eða boð um að slökkva (C).
- ☞ Fyrir tímastillingar á rás C2 skal nota hnapp C2.

4.3 Upplýsingar um tímastillingar




Mynd 1:

Kveikt er (€) á rás C1 mán, þri, mið og fös kl. 6:30

Mynd 2:

Slökkt er (C) á rás C1 mán, þri, mið og fös kl. 8:30

4.4 Tímastillingum breytt



Skýring:

Mynd 1: Kveikt kl. 6:30 mán, þri, mið og fös

Mynd 2 + 3: Breyting að kveikt sé kl. 9:45 mán, þri, mið og fös

Vikudagablokk breytt:

Styðjið endurtekið á hnapp **d** þar til aðeins **einn** bendill blikkar.

☞ Veljið vikudaginn með hnappi **d**.

☞ Vistið stillinguna með því að styðja á hnappinn **Prog**.

☞ Hægt er að stilla inn fleiri vikudaga með sama hætti.

4.5 Stökum stillingum eytt

Finnið tímastillinguna sem á að eyða:

☞ Styðjið á hnappinn **PROG** þar til tímastillingin sem á að eyða kemur á skjáinn. Aðeins tímastillingunni á skjánum er eytt.

☞ Styðjið samtímis á hnappana **h** og **m**.



4.6 Öllum tímastillingum eytt

Athugið!

☞ Öllum vistuðum tímastillingum verður eytt. Einu stillingarnar sem eyðast ekki úr minninu eru stilling klukkunnar og reglan um breytingu á milli sumar- og vetrartíma!

Öllum tímastillingum eytt:

☞ Styðjið á hnappinn **Prog**.

☞ Styðjið því næst samtímis á hnappana **d + h + m**.

Er þá hægt að

- færa inn tímastillingu strax
- eða skipta aftur yfir á sjálfstýringu með hnappinum.

4.7 RESET

Öllum vistuðum gögnum eytt:

☞ Styðjið á hnappinn **Res.** án rekstrarspennu.

Reglunni um breytingu milli sumar- og vetrartíma og stillingu klukku eytt:

☞ Vistuðum tímastillingum er ekki eytt úr minni.

☞ Styðjið á hnappinn **Res.** með rekstrarspennu.

5.0 SKIPTIADGERÐIR

5.1 Forval skiptingar KVEIKT/SLÖKKT

Virkni:


Þegar sjálfstýringin er á er hægt að styðja á hnappinn **C1** eða **C2** til þess að senda tengdum notanda til dæmis boð um að kveikja (☺) eða boð um að slökkva (☹).

Eftir að stutt er á hnapp **C1** eða **C2** fer tímarofinn í þá skiptingarstöðu sem óskað er eftir. Forval skiptingar er leiðrétt af næstu gagnstæðu skipun um skiptingu.



5.2 Föst KVEIKT/SLÖKKT-skipting

☞ Haldið fyrst hnappi **m** inni.



Varanleg skipting tekin af:

☞ Haldið fyrst hnappi **m** inni.

☞ Haldið hnappi **C1** eða **C2** inni, allt eftir tímastillingu, þar til atriðið hverfur af skjánum.

Eftir varanlega skiptingu gerir tímarofinn skoðun á fyrri tímastillingum. Fer tímarofinn þá yfir vistuðu tímastillinguna og kemur réttri skiptingarstöðu á.

5.3 Orlofsstilling

Virkni:

Með orlofsstillingunni er hægt að rjúfa vistuðu tímastillingarnar í allt að 99 daga. Hægt er að færa inn tímastillingar allt að 99 daga fram í tímann.

☞ Hvorug rásin sendir boð = ☹.

Á skjánum:


Svo lengi sem orlofsstilling varir er táknid  á skjánum.

Upphaf og lok orlofsstillingar:

Á miðnætti í báðum tilvikum, yfirstandandi dagur er ekki talinn með.

Dæmi:

Á **mánudegi** er orlofsstilling gerð virk sem tekur gildi frá og með **föstudegi** og stendur yfir í 2 daga. Fyrir tímalengd stillingarinnar þarf að halda hnappi **h** inni!



5.4 Orlofsstilling tekin af

☞ Stillið skjámyndina aftur á 00 00 með **d**, **h** og **m**.

Á skjánum:

Táknid  hverfur af skjánum.

Virkni eftir að orlofsstilling er tekin af handvirkt:

Þegar orlofsstilling er tekin af fer fram skoðun á fyrri tímastillingum. Fer tímarofinn þá yfir vistuðu tímastillinguna og kemur réttri skiptingarstöðu á.

6.0 SKIPT SJÁLFKRAFA MILLI SUMAR- OG VETRARTÍMA

Tímarofinn getur skipt sjálfkrafa á milli sumar- og vetrartíma.

Þegar búnaðurinn er fyrst tekinn í notkun verður þá að velja viðeigandi reglu um skiptingu á milli sumar- og vetrartíma í eftirfarandi töflu.

Dæmi: Fyrir Þýskaland **dat 1**.

6.1 Valtafla fyrir sjálfvirka skiptingu milli sumar- og vetrartíma

Stilling	Upphaf sumartíma	Upphaf vetrartíma	Gildissvæði
dat til 12/95	síðasti sunnudagur í mars	síðasti sunnudagur í september	Evrópa
dat 1 frá 1/96	síðasti sunnudagur í mars 2:00 → 3:00	síðasti sunnudagur í október 3:00 → 2:00	Evrópa
dat 2	síðasti sunnudagur í mars 1:00 → 2:00	síðasti sunnudagur í október 2:00 → 1:00	Bretland Portúgal
dat 3	1. sunnudagur í apríl 2:00 → 3:00	síðasti sunnudagur í október 3:00 → 2:00	Aðeins fyrir Norður- Ameríku
no	engin skipting	engin skipting	

6.2 Sjálfvirkri skiptingu milli sumar- og vetrartíma breytt

Styðjið fyrst á hnappinn  og því næst á hnappinn **d**.

Haldið báðum hnöppunum inni í um 2 sekúndur.

Á LCD-skjánum birtist þá reglan sem stillt er á um skiptingu milli sumar- og vetrartíma (**t.d. dat 1**).

Styðjið á hnappinn **C1** til þess að breyta sjálfvirkri skiptingunni.

Vistið með því að styðja á hnappinn **Prog**.

Breytið ártalinu með hnappi **d**.

Vistið með því að styðja á hnappinn **Prog**.

Breytið dagsetningunni með hnappinum **d**.

Breytið mánuðinum með hnappinum **m**.

Vistið með því að styðja á hnappinn **Prog**.

6.3 Fyrsta gangsetning án sjálfvirkar skiptingar milli sumar- og vetrartíma


Vikustilling:

Mynd 2: Með hnappi **C1** er hægt að velja hvað reglu um skiptingu á milli sumar- og vetrartíma notast á við.

Mynd 4: Með hnappi **d** er hægt að stilla vikudaginn
(1 = mánudagur, 2 = þriðjudagur, .. 7 = sunnudagur).

Dagastilling:

Mynd 4: Færið ekki inn stillingu.



Þegar hnappinum  er sleppt eftir að tíminn er færður inn eiga báðir punktarnir á milli klukkustundanna og mínútnanna að blikka.


6.4 Fyrsta gangsetning með sjálfvirkri skiptingu milli sumar- og vetrartíma**Vikustilling:**

Mynd 2: Með hnappi **C1** er hægt að velja reglu um skiptingu á milli sumar- og vetrartíma úr töflunni í kafla 6.1.

Mynd 9: Með hnappi **d** er vikudagurinn stilltur sjálfkrafa
(1 = mánudagur, 2 = þriðjudagur, .. 7 = sunnudagur).

Dagastilling:

Mynd 9: Færið ekki inn stillingu.



Þegar hnappinum er sleppt eftir að tíminn er færður inn eiga báðir punktarnir á milli klukkustundanna og mínútnanna að blikka.

6.5 Handvirk skipting milli sumar- og vetrartíma

☞ Aðeins ef **ekki** hefur verið valin sjálfvirk skipting milli sumar- og vetrartíma (**no**) er hægt að leiðrétta stillingu klukkunnar handvirkt um ± 1 .

☞ Haldið fyrst hnappi **d** inni.

☞ Leiðréttið svo stillingu klukkunnar með hnöppum **h** + **m**.



Abyrgð

Ábyrgð er veitt samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast sendið tækið án burðargjalds til þjónustumiðstöðvar okkar ásamt lýsingu á biluninni.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Service Center
Dahlienstraße 12
D-42477 Radevormwald

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Postfach 1220
D-42461 Radevormwald

Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 339
Internet: www.gira.com